

L Ö G

65

7. maí

um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, og á lögum nr. 26 frá 12. febrúar 1940, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

a. 8. gr. laganna skal orða svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína, svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.

b. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru refsingar lagðar við í 3. og 4. gr. laganna, varða sektum frá 100—5000 kr.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

66

7. maí

um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsg. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.